

1 - 22/23 Fundur Kjaranefndar LEB 8.8.2022. Fjarfundur á Zoom

Mætt voru: Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Sigurbjörg Gísladóttir, Jóna Ósk Guðjónsdóttir, Ásgerður Pálsdóttir og Jón Ragnar Björnsson, sem ritaði fundargerð. Einnig Helgi Pétursson. Steinunn Valdimarsdóttir var á hliðarlínunni.

1. Þorbjörn bauð fundarmenn velkomna. Stjórnarfundur LEB verður á morgun og spurning hvort kjaranefnd þurfi ekki að koma skilaboðum á framfæri við fundinn.

Kjaraviðræður fara af stað í haust. Stjórn LEB sendi ASÍ, BSRB og BHM bréf 16.2. sl. þar sem óskað er eftir samstarfi við samtökin um kjaramál og húsnæðismál. **Sjá fsk. 1.**

Meginpunktar eru: „Í kjaramálum var lögð áhersla á að hækka almennt frítekjumark í 100.000 kr, lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði, aflétt verði tekjutengingum vegna atvinnuþátttöku og að lífeyrir og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavísitölu.“

Á Landsfundi LEB 3.5.2022 mættu fulltrúar framangreindra samtaka á pallborð, öll afar jákvæð varðandi samstarf. **Sjá fsk. 2.**

Hvernig sjáum við framhaldið?

Stefán Ólafsson hjá Eflingu hefur gert úttekt á íslenska „velferðarkerfinu“ í 9. tbl. Kjarafréttar: Íslenska velferðarríkið nær ekki mál sem „norrænt velferðarríki“ Nánar [hér](#). Stefán er að gera samantekt um eftirlaun.

Alger samstaða var um að vinna málið áfram. Halda sig við megin punktana, hækka 100 þús. kr. m.v. verðbólgu. Leggja áherslu á verðbólguleiðréttingu eftirlauna. Lagt var til að stjórn LEB formgeri samstarfið við samtök launafólks með því að mynda hóp á vegum LEB.

Rætt var hvort við ættum að vekja athygli á okkar málefnum með einhverjum hætti. Halda morgunverðarfund eða baráttufund með ræðum og skemmtidagskrá úti eða inni.

Kjaranefnd leggur til við stjórnina að koma á fót almammatengslahópi til að skoða hvaða form væri hentugt og gerlegt til að vekja athygli á málstað eldra fólks.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jón Ragnar Björnsson

Fylgiskjal 1.

Bréf til ASÍ, BSRB OG BHM

Reykjavík 16 febrúar 2022

Á stjórnarfundum Landssamtaka eldri borgara xx janúar s.l. var samþykkt að óska eftir samstarfi við ASÍ, BSRB og BHM í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga síðar á árinu.

Það er löng hefð fyrir því að við frágang kjarasamninga hafi verið samið um breytingar á lífeyri almannatrygginga. Við gerð lífskjarasamningsins fórst það fyrir sem leitt hefur til þess að ellilífeyrir hefur dregist aftur úr í samanburði við laun og síðustu misseri hefur hann ekki haldið verðgildi sínu. Einnig hefur mikil verðbólga leikið sparifé eldra fólks illa.

Þrátt fyrir ítrekuð samtöl við stjórnvöld hafa ekki fengist jákvæð viðbrögð við að fara í leiðréttingu og ekki hægt að sjá að til standi að fara í aðgerðir til að bæta kjör eldra fólks t.d. ef tekið er mið af fjármálaáætlun. ríkisstjórnarinnar.

Fyrir síðustu alþingiskosningar kynnti LEB öllum stjórnmalaflokkum áherslur sínar sem tóku m.a. til lífeyris-, heilbrigðismála og búsetu eldra fólks.

Í kjaramálum var lögð áhersla á að hækka almennt frítekjumark í 100.000 kr, lágmarkslífeyri verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði, aflétt verði tekjutengingum vegna atvinnuþátttöku og að lífeyri og frítekjumörk hækki árlega samkvæmt launavísitölu.

Varðandi húsnæðismál er lögð áhersla á að boðið sé upp á fjölbreytt búsetuform sem geri fólki kleyft að búa sem lengst á eigin heimili við öryggi og samveru.

Allflestir félagsmenn LEB eru félagsmenn stéttarféлага eða fyrrverandi og greiðendur félagsgjalda til margra áratuga. Af því leiðir að kjarabarátta þeirra sem eru á vinnumarkaði og þeirra sem fara á eftirlaun á næstu árum og þeirra sem lokið hafa þátttöku á vinnumarkaði eiga marga snertifleti.

Það er von okkar og trú að samstarf og samvinna muni skila betri rárangri í baráttunni fyrir bættum lífskjörum allra.

Með von um skjót og jákvæð viðbrögð

F.H. Landssamtaka eldri borgara

Helgi Pétursson, formaður LEB, Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefrddar LEB

Fylgiskjal 2.

Landsfundur LEB – 3. maí 2022 Hafnarfirði

Pallborð Verkalýðshreyfingin og fyrrverandi félagsmenn hreyfingarinnar – eldri borgarar

Drífa Snædal – Forseti ASÍ
Sonja Ýr Þorbergsdóttir – Formaður BSRB
Friðrik Jónsson – Formaður BHM

Pallborði stjórnar Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB og fyrrverandi framkvæmdastjóri Samiðnar

Þorbjörn:

Ég vil bjóða Drífu Snædal, forseta ASÍ, Sonju Ýr Þorbergsdóttir, formann BSRB og Friðrik Jónsson, formann BHM mikið velkomin á þennan fund.

Við höfum ekki mjög langan tíma en við sendum bréf til þessara samtaka í vetur (febrúar) þar sem við óskuðum eftir því að það yrði skoðað hvort að hvort við gætum átt einhverja samleið þegar kæmi að gerð kjarasamninga og okkar kjaramál myndu þá að einhverju leyti fylgja með.

Það var samþykkt hér tillaga áðan þess efnis, alveg í þeim anda, þar sem er lögð áhersla á þetta.

Það sem mig langar tli að byrja hér á er að heyra ykkar viðbrögð við þessu bréfi.

Sonja:

Takk fyrir boðið. Gaman að fá að vera með ykkur hérna í dag. Ég sé mörg kunnugleg andlit sem gerir þetta ennþá skemmtilegra. Svo er maður auðvitað ennþá í þeim fasa að vera ánægður að fá að hitta fólk eftir samkomutakmarkanir.

En við þökkum fyrir bréfið og við áttum sömuleiðis góðan fund stjórn LEB fyrir þó nokkru. Eins og þið kannski mörg þekkið þá er auðvitað kjarninn í starfssemi verkalýðskreyfingarinnar krafan um jöfnuð. Það hefur verið hluti af stefnu okkar til lengri tíma og sömuleiðis í kröfum gagnvart stjórnvöldum að almannatryggingarnar eigi að vera öryggisnet. Þá höfum við auðvitað sérstaklega dregið fram hvernig lífsskilyrði og kjör fólks eru, sem eru ekki lengur á vinnumarkaði, hvort sem er vegna veikinda eða slysa eða vegna aldurs. Og krafan hefur verið sú að þau búi við mannsæmandi lífskjör. Þannig að almannatryggingarnar raunverulega séu þetta gólf.

Sömuleiðis að þá hefur okkar krafa verið sú að greiðslurnar fylgi launapróun. Og kannski af því að það var talað hérna áðan um mikilvægi hreyfingar þá vitum við líka að rannsóknir sýna að fjárhagsstaðan getur haft verulega slæm áhrif á heilsuna og fjárhagsáhyggjur geta sjöfaldað líkurnar á kulnun. Þannig það er nú kannski svona frumforsendan.

Þær kröfur sem hafa verið dregnar fram hérna í bréfi varða almannatryggingarnar og þar erum við bara á pari. Þar er líka fjallað um verðbólguna og það er kannski lengri umræða sem við tökum seinna, en þar höfum við auðvitað líka lagt okkar af mörkum til þess að

stemma stigu þar við. En eins og staðan er núna þá er stærsti hlutinn af henni drifinn af innlendum vanda sem er húsnæðismálin sem er annað stórt verkefni sem við glímum við þessa dagana.

Sömuleiðis höfum við verið með þá kröfu að almenna frítekjumarkið verði hækkað og að lágmarkslífeyrir sé ekki lægri en lágmarkslaun. Þannig ég held það sé kannski bara einfaldast að segja að við séum sammála þessum réttlátu og sanngjörnu kröfum. Á ég ekki að láta það duga í bili?

DRÍFA SNÆDAL:

Takk kærlega fyrir þetta bréf.

Við vorum nú komin svolítið af stað með að vera í samtali við Landssamband eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík þegar Covid skall á og vorum með miklar hugmyndir um Dag jöfnuðar og að búa til einhvers konar umgjörð innan hreyfingarinnar fyrir fólk sem er eldra en sjötugt, sem er farið út af vinnumarkaði. Enda sér maður það þegar maður lítur hérna yfir salinn að margir hér hafa fengið gott uppeldi í verkalýðshreyfingunni í gegnum tíðina, þannig það skilar sér. Mjög gott.

En takk fyrir þetta bréf sem við fengum í febrúar s.l. Það sem ég gerði með þetta bréf... – og þannig virkar þetta í verkalýðshreyfingunni að nú erum við í því ferli, hvert einasta aðildarfélag Alþýðusambandsins er að búa til kröfugerðir fyrir komandi kjarasamninga. Það fer þannig fram að það eru haldnir fundir og kannanir og mikil vinna svona í grasrótinni og upp úr því vaxa kröfurnar. Hvort sem það verður hækkun lægstu launa, stytting vinnuvikunnar eða hvað.

Ég sendi áfram þetta bréf frá ykkur inn í þessa vinnu sem nú fer fram í grasrót verkalýðshreyfingarinnar með hvatningu um það að þau myndu taka tillit til krafna Landssambands eldri borgara enda væruð þið fyrrum félagar og jafnvel núverandi félagar í okkar aðildarfélögum.

Þannig að þetta bréf hefur ratað inn í grasrótina. Svo gerðum við meira. Við fórum líka með þetta bréf í Þjóðhagsráð, þar sem Landssamband eldri borgara eiga ekki rödd þar, þannig að við ákváðum að við þyrftum að vera sú rödd og færðum ykkar skilaboð þangað inn. En eins og þið vitið þá sitja í Þjóðhagsráði formenn stjórnarflokkanna, Seðlabankastjóri og aðilar vinnumarkaðarins.

Ég hef litið svo á að ég sé þá bara málpípan ykkar til að koma ykkar kröfum á framfæri, flétta þær inn í grasrótastarf okkar. Og ég hef nú ekki séð margar kröfugerðir koma frá grasrótinni okkar en þær sem ég hef séð þær taka mið af þessu líka, svo þið vitið af því.

Svo erum við náttúrulega að gera annað. Við þrjú (Friðrik, Drífa og Sonja) vorum nú á tveimur fundum saman áðan um húsnæðismál. Þannig að við erum að þrýsta á um húsnæðismál í víðu samhengi enda vitum við það að það er eitt stærsta líf skjaramálið núna. Og við vitum það að þeir eldri borgarar sem eru ekki að vinna en eru ennþá með íþyngjandi húsnæðiskostnað, eru kannski þeir sem eru í hvað verstu málum, sem eru jafnvel ennþá á leigumarkaðnum. Þannig við erum í sameiningu og mjög samtaka í því að beita þrýstingi okkar til þess að það verði raunverulegar úrbætur í húsnæðismálum.

Svo að lokum langar mig að segja það, að það fer svolítið í tvær áttir baráttan um að fá að vinna lengur og fá að hætta fyrr að vinna. Það er eðli málsins samkvæmt að þeir sem

hafa baráttuprek og sterka rödd eru kannski þeir sem vilja frekar fá að vinna áfram. Hinsvegar þeir sem þurfa að hætta fyrr að vinna, hafa kannski ekki eins sterka rödd og þá kemur það í hlut okkar hinna að reisa þá rödd. Þess vegna var ég mjög ánægð að heyra í ráðherra hérna áðan þar sem hann var að tala um sveigjanleg starfslok af því að við vitum það að mörgum starfsstéttum endist ekki starfsæfin á vinnumarkaði, líkamlega eða andlega. Þannig að það er verkefnið. Ekki endilega að hækka starfslokaaldurinn heldur að gera hann sveigjanlegri og mæta þörfum ólíkra hópa.

Takk.

Friðrik

Takk.

Ég vil bara byrja á því að taka undir með þeim Sonju og Drífu um það sem þær hafa sagt. Bréfið er búið að fara fyrir stjórn hjá mér og bara samþykkt. Ég má og á að tala við ykkur hvenær sem er og hvernig sem er. Og ég vil nú bara eiginlega segja ósköp einfaldlega að ykkar kröfur eru mínar kröfur.

Ég er nú svo sæmilega vel upp alinn þannig að ég hef nú ekki þorað að spyrja þær hérna mér á vinstri hönd hvað þær eru gamlar en ég veit að ég er eitthvað aðeins eldri en þær. Og ég á afmæli á sunnudaginn eftir viku og þá verð ég gjörsamlega 55 ára. Þannig að maður er eiginlega byrjaður að telja aðeins niður og fara að gera sér grein fyrir því – allt þetta sem þarf að taka tillit til og þarf að hafa í huga og svo náttúrulega líka af því að ég er með eldri foreldra. Mamma er 83 ára og pabbi dó í fyrra. Ég gekk á síðustu fjórum árum í gegnum þann feril að þegar hann allt í einu gaf sig og lenti inn á Landakoti og var þar í bið í 7 mánuði þangað til hann komst inn á Hrafnistu. Og allan tímann var verið að reyna að ýta honum eitthvert annað, upp á Akranes eða inn á Vífilstaði í einhverjar svona skítareddingar (með fullri virðingu, fyrirgefið orðbragðið) og svo inn á Hrafnistu þar sem lífeyririnn hvarf og það var bara eftir einhver vasapeningur. En af því að mamma hefur það ágætt með sinn lífeyri þá einhvern veginn detta þau á milli.

Núna eftir að ég flutti heim fyrir 2 árum síðan. Móðir mín reyndar segir að hún búi í bestu þjónustuíbúð í Reykjavík af því að ég tók okkur til og flutti heim til mömmu á sextugsaldri og er mjög stoltur af því. Hún á sem sagt raðhús í vesturbæ Reykjavíkur þar sem eru tvær íbúðir. Ég flutti með fjölskylduna upp á efri hæðina og hún flutti í kjallarann. Hún er rosa ánægð með það. Hún er með bestu þjónustuíbúðina í bænum að hennar sögn. Að þessu leyti erum við heppin en við erum samt farin að huga að þessu hvað gerist þá næst, bæði hjá henni og í raun og veru hjá okkur?

Biðtímar og „bjúrókratískir“ hoppukastalar sem þarf að fara í gegnum til þess að ná fram einföldustu hlutum, þeir eru – sko ef þú átt ekki einhvern að til að hjálpa þér, hvað verður um þig þá?

Þannig að, fyrirgefið þið, ég er kannski að nálgast þetta svolítið frá sjónarhóli sjálfhverfu og eiginhagsmunasemi – en líka af því að ég er búin að sjá auglýsingar „hér eru íbúðir fyrir 50 ára og eldri“ og hugsa hvað þýðir það fyrir mig persónulega? Er ég þá orðin eldri, næstum því eldri borgari?

En OK, gott og vel. Ég sé fram á 10-15 ár max í vinnu til viðbótar þannig við verðum að hugsa þetta og við verðum að plana þetta. Og við sem vinnum á þessum almenna vettvangi verkálýðshreyfingarinnar, við þurfum að gæta miklu betur að þessum framtíðar

hagsmunum okkar sjálfra. Að þetta kerfi „fúnkeri“ og virki. Að þetta einhvern veginn taki við.

Og þegar þið talið um fjölbreytt búsetuúrræði, enn og aftur nú tala ég bara út frá sjálfum mér. Fyrir móður mína að selja húsið og flytja í íbúð. Íbúðirnar hérna, eins og t.d. uppi í Boðáþingi í Kópavogi á vegum Hrafnistu – æðislegar íbúðir – en leigan er á milli 230.000 og 300.000 kr. á mánuði. Hvernig á manneskja með 400.000 kr. á mánuði nettó í eftirlaun að hafa efni á því? Og það er fyrir utan alla þjónustuna, skiljið þið. Ég var í stærðfræðideild en ég skil ekki alveg þessa stærðfræði. Reyndar tek það fram að ég var í náttúrufræði II sem er svona stærðfræðideild fyrir þá sem kunna ekki stærðfræði en það er aukaatriði.

Ég held að þetta þurfum við að tækla og taka á saman. Leyfi mér að byrja bara á þessu. Takk.

Þorbjörn:

Ég bara skil það þannig að þetta bréf hafi fengið jákvæðar undirtektir allstaðar. Þar sem að framsögumaður að tillöggunni sem ég sagði ykkur frá áðan, sem er svona að undirstrika það sem er í bréfinu, talar um þetta valdleysi eldra fólks. Við mætum einu sinni á ári fyrir fjárlaganefnd, setjum fram okkar kröfur. Mjög sjaldan sem einhver bregst við því og svo gerist ekki neitt. Og þetta endurtekur sig ár eftir ár og það verða engar breytingar.

Við veltum því fyrir okkur – getum við að einhverju leyti komið inn í skipulag – tengst skipulagi hreyfinganna? Til dæmis þegar verið er að vinna í kjarasamningum. Að við eigum einhverja leið inn í hjarta umræðanna? Vilt þú byrja Drífa?

Drífa:

Já, takk fyrir það.

Þorbjörn er nú reyndari heldur en ég í kjarasamningum myndi ég nú segja. En það er þannig þegar við göngum til kjarasamninga að samningarétturinn er hjá einstaka verkalyðsfélögum og svo myndast einhver bandalög og landssambönd o.s.frv. Það sem við gerum á vegum ASÍ er einmitt að búa til þrýsting gagnvart stjórnvöldum í tengslum við kjarasamninga og þar stefnum við saman svokallaðri samninganefnd Alþýðusambandsins þar sem eru kanónur úr öllum landssamböndunum.

Þannig mér dettur svona í hug til þess að halda áfram þessu samtali sem var hérna á sínum tíma við Landssamband eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík um að formgera einhvers konar samráð á milli ASÍ og eldri borgara - (Það voru nú ég og Þórunn sem voru aðallega í því samtali á sínum tíma) – að formgera einhvers konar samráð milli samninganefndar ASÍ.

Þegar við fáum pakkann af kröfugerðunum frá okkar félögum og reynum að samræma og skoða hvernig línurnar liggja, að reyna að formgera eitthvað samtal og samráð við þá Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalagið þar. Af því að auðvitað erum við í sama samtali við Öryrkjabandalagið sem er í sömu stöðu og Landssamband eldri borgara að þurfa málsvari í tengslum við kjarasamninga. Þannig mér dettur það í hug svona í fyrsta kasti.

Friðrik:

Já, kannski til að bæta við í þessu er einmitt eins og fyrirkomulagið er. Fyrirkomulagið fyrir okkur sem störfum á vettvangi heildarsamtakanna þá er það okkar hlutverk líka að taka sko sýnina úr 30.000 fetunum. Það er mjög eðlilegt að stéttarfélögin sem eru með samningsumboðið séu með áherslurnar á sína hagsmuni mjög beint. Okkar hlutverk er að taka heildarhagsmunina og setja þá í stóra samhengið. Þannig það er verkefnið, eitt af verkefnum okkar. Við höldum því þá á lofti bæði út á við en líka inn á við.

Sonja:

Innan BSRB þá er þetta mjög breytilegt eftir kjarasamningum hverju sinni, hversu mikið stéttarfélögin taka sig saman og hvort þau stilli saman kröfurnar þá raunverulega gagnvart viðsejendum aðila. Af því að svo er það líka svolítið form sem er í mótun, sem er hvort að öll samtök launafólks, eins og okkar samtök þrjú sem sitjum hérna við borðið, séu að undirbúa sig í sameiningu eða ekki.

Ég veit að það eru mjög margir hérna inni sem þekkja söguna mun lengra aftur heldur en ég, en allavega svo langt sem ég man aftur til baka þá hefur það ekki verið gert. Að það hafi verið svona heildarundirbúningur saman. Og það er þannig að félögin á almennum vinnumarkaði fara á undan.

En hinsvegar er búið að formgera þennan vettvang sem er komin af stað sem er Þjóðhagsráð og þar erum við að gera kröfur á stjórnvöld. Og núna er samtali í gangi sem á að undirbyggja það að við séum meira tímanlega en vanalega til þess að liðka fyrir um gerð kjarasamninga.

Af því að almenni markaðurinn er á undan þá t.d. veit ég eins og staðan er núna ekki hverjar kröfur stéttarfélaganna eru og við erum ekki byrjuð að ræða okkur saman á einhver möguleg sameiginleg skref. Og hvort að BSRB verði falið það í samtali við stjórnvöld veit ég heldur ekki.

Þannig að ég er því miður bara eitt kannski spurningarmerki eins og þið, eins og staðan er núna. En hinsvegar veit ég það að það var tekið mjög vel í bréfið og það hafa verið sambærilegar kröfur frá Öryrkjabandalaginu. Og eins og ég segi þessar kröfur eru allar þegar hluti af stefnu BSRB. Þannig ég sé ekki annað en að það ætti að vera hægt að halda þessu hátt á lofti gagnvart stjórnvöldum. Það er svona það sem ég get sagt eins og staðan er í dag.

Þorbjörn:

Já, við fengum víst ekki mjög langan tíma hér, en aðalatriðið var nú að fá ykkur hingað til að undirstrika þetta bréf og að við ætlum að fara að vinna saman.

Svona tvennt sem mig langar aðeins að nefna - og þið kannski bregðist bara snögg við því.

Er til dæmis möguleiki á því að LEB geti fengið að einhverju leyti aðgang að ykkar sérfræðingum?

Við höfum ekki fjármagn til þess að halda slíku úti og það myndi skipta okkur miklu máli í svona verkefnum. Og ég er nú ekki að tala um að það séu mörg dagsverk en geta leitað til þeirra – eins þegar fjárlögin koma og annað slíkt. Þetta gæti skipt okkur miklu máli.

Hin spurningin sem mig langar að þið bregðist eitthvað við er, nú er verðbólgan 7,4% og þessi hópur hér hann hefur enga möguleika á að bregðast við því. Hann situr bara uppi með þetta að hækkunin var 3,8% og verðbólgan núna er 7,4% og það þyrfti að hækka þetta um 90% ef á að dekkja hana.

Eruð þið farin að ræða um einhverjar sértækar aðgerðir fyrir þennan hóp vegna þessarar aðstæðna?

Drífa:

Það er náttúrulega skollin á dýrtíð eins og við erum búin að vara við í nokkra mánuði og við erum búin að vera að krefja stjórnvöld um viðbrögð við því. Við höfum verið að horfa á almennar aðgerðir sem koma öllum vel, sérstaklega þeim sem eru tekjulágir. Við vitum að þegar bensín og matur hækkar að þá kemur það verst niður á þeim tekjulægstu, sem eru með miklu stærri hluta af sínum útgjöldum í einmitt svona grunnauðsynjar sem eru akkúrat að hækka núna.

Þess vegna fagna ég því þegar Svandís talaði um það afnema virðisaukaskatt tímabundið af mat. Það væri eitthvað sem myndi gagnast heimilum einstaklega vel og sérstaklega þeim tekjulágu.

Og síðan höfum við viljað fara í tilfærslukerfin í húsnæðisstuðningi. Og okkar góðu sérfræðingar sem að Þorbjörn var að tala um eru til dæmis búnir að sýna fram á það að húsnæðisstuðningur hins opinbera fer að megninu til til þeirra hæst launuðu. Það er búið að úrelða vaxtabótakerfið og stuðningurinn hefur farið í skattafrádrátt til að taka út séreignasparnaðinn og greiða inn á lán. Og hverjir eru það sem taka út séreignasparnaðinn til að greiða inn á lán, það eru þeir sem eru með hæstu tekjurnar sem geta nýtt sér það til fulls.

Þannig það er búið að taka pólitíska ákvörðun eða ég veit ekki hvort sú ákvörðun var einhvern tímann tekinn eða hvort þetta gerðist eða hvernig. Hins vegar er það þannig að húsnæðisstuðningur stjórnvalda hefur farið frá þeim tekjulægstu yfir í þá tekjuhæstu og þetta er meðal þess sem við erum að ræða þessa dagana í þessum húsnæðishópi. Af því að ég er hrifnari af því að fara í almennari aðgerðir sem koma þá eldri borgurum, öryrkjum og þeim sem eru með lægstu tekjurnar almennt best. Af því að það sem var nauðsynlegt er orðið algjörlega bráðnauðsynlegt núna í þessari dýrtíð sem kemur verst við þá sem síst skyldi. Takk.

Þorbjörn:

En með aðkomu að ykkar sérfræðingum?

Drífa:

Ég er nú alltaf að lofa upp í ermina á sérfræðingum okkar en það væri þá í tengslum við bara samninganefndina að ASÍ myndi ákveða að við förum í samstarf um að skoða þetta og þetta. En ég veit að okkar sérfræðingar eru dýrmætir enda eru þeir bestir í heimi.

Friðrik:

Ég held að í fyrsta lagi varðandi aðgengi að sérfræðingum, ég held það sé bara leysanlegt. Við tökum það bara á fundi saman. Þið komið og hittið okkur með okkar sérfræðingum og við ræðum málin hvað er þetta sem þið eruð að tala um og byrjum allavega þar.

Hvað varðar aðgerðir eins og t.d. varðandi verðbólguna. Ég held við þurfum einmitt að eiga mjög opinskátt samtal við stjórnvöld um það hvar eru byrðarnar að lenda. Ég fylgdist með – Það voru vorfundir Alþjóðabankans og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins núna bara fyrir rúmri viku. Þar talaði framkvæmdastjóri Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um það að alþjóðleg verðbólga væri m.a. vegna óhóflegrar peningarentunar.

Gott og vel, ef það er málið hvernig eigum við að fara út úr þessu? Er það sanngjarnt að það sé eingöngu í raun skattlagt á vinnuaflið og á öryrkja og eldri borgara til þess að borga fyrir reikninginn af óhóflegri peningarentun undanfarinna missera. Ég held ekki. Peningarnir þurfa líka að vera skattlagðir í raun þar sem peningarnir liggja. Við verðum að taka þetta samtal líka. Við verðum að horfa til þess hvernig er sanngirni skattlagningar hérna. Fjármagnstekjuskatturinn hér bara tiltölulega slakur. Þurfum við að horfa til þess að taka til tímabundið til auðlegðarskatts?

Og þurfum við að horfa til þess – miðað við hvernig núna á síðustu tveimur árum í gegnum heimsfaraldur - hvernig sumir hafa í raun og veru verið ofboðslega heppnir og haft verulegar tekjur. Við erum að horfa í ákveðnum geirum hér á landi á síðustu tveimur árum hafa menn verið að ná 700 milljarða hagnaði en borga tiltölulega litla skatta af þessu. Það er gamalt orð yfir þetta, kallaður hvalrekaskattur. Ég er ekki viss um það að mikið af fólki undir þrítugu myndi skilja hvað hvalrekaskattur er þannig ég vil nú kannski frekar taka upp orðið glópalánsgjald. Sko, ef þú bara græddir einhverja peninga á því bara - af því að það vildi svo til að þú varst heppinn í þessu ástandi að það bjó til fyrir þig þennan hagnað, er ekki eðlilegt að þú greiðir eitthvað meira til samfélagsins?

Þetta er samtal sem við verðum líka að taka. Hvernig dreifum við þessum byrðum jafnar sem er afleiðing af því að við vorum hér í tvö ár að eiga við heimsfaraldur? Mér finnst ekki sanngjarn að það gerist bara í gegnum vaxtahækkanir og það hækki hjá okkur húsaleigan, og lánsafborganirnar hækki hjá okkur rúgbrauð og ristabrauð. Það er kannski lykilorðið í þessu öllu saman – það er sanngirni. Stoppa hér.

Þorbjörn:

Sonja, vilt þú loka þessu?

Sonja:

Kannski af því ég heyrð Drífu tala hérna. Ég held það sé tilefni til þess að við stillum saman strengi af því að ég sérlega hrifin af því að fara að krukka í virðisaukaskattskerfinu. Ég held að við höfum séð það í gegnum tíðina að þegar þegar það hafa orðið breytingar þar á, að þær hafa ekki endilega skilað sér til neytenda, þannig að þar liggur ótti minn hvað það varðar.

En hinsvegar finnst mér það blasa við að við eigum að horfa til stuðningskerfanna. Og við höfum verið, svona svo ég segi það bara alveg eins og það er, á hundavaði. En við erum aðeins að reyna að sjá hvað er búið að gera á hinum Norðurlöndunum. Eins og ég skil það – þá bæði í Svíþjóð og Noregi – þá hefur verið veittur stuðningur sérstaklega til lágtekjuhópa. Svo kannski eins og þið hafið heyrt í Danmörku, að þá er stuðningur sem er útborgað í kringum um 100.000 kr. til eldri borgara. Svo verður einhver frádráttar eða einhverskonar stuðningur við þá sem koma langt að til vinnu, þ.e. sem búa lengra frá en 24 km.

Það er fyrst og fremst þetta að horfa á tilfærslukerfin og hvaða stuðning við getum veitt því núna er þetta raunverulega í allar áttir. Þetta er matvöruverðið og þetta er bensínið og húsnæðisverðið og þetta er allur þakinn. Þannig það er alveg klárt, og ég eiginlega undrast það hvað stjórnvöld hafa verið viðbragðslítill í þessum alvarleika. Svo vitum við auðvitað að þetta verður enn verra í kjölfar ákvörðunnar sem verður birt á morgun af hálfu Seðlabankans, því miður.

En við höldum áfram að berjast – verð ég ekki að skilja þetta eftir þannig?

Þorbjörn:

Ég segi enn og aftur takk fyrir. Þetta var fyrst og fremst hugsað sem innsigli á þetta bréf af því að við viljum eiga þetta samstarf. Og takk fyrir ykkar þátttöku hér og við hittumst bara fljótlega.

Sonja, Drífa og Friðrik samþykktu það og þökkðu fyrir sig.
Þar með lauk pallborðsumræðum.

Skráð niður eftir streymisupptökunni frá Landsfundinum.